



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÁTTRÆÐISAFMÆLI NORSKU KONUNGSHJÓNANNA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú eru gestir norsku konungshjónanna og norskra stjórnvalda við hátíðardagskrá í Osló dagana 9. og 10. maí í tilefni af áttatræðisafmælum konungshjónanna á þessu ári ásamt þjóðhöfðingjum annarra Norðurlanda og öðrum tignum gestum.

Forsetahjón sitja í kvöld, þriðjudaginn 9. maí, hátíðarkvöldverð í norsku konungshöllinni. Á morgun, miðvikudaginn 10. maí, verður siglt um Oslófjörð á snekkju konungs og annað kvöld bjóða Erna Solberg forsætisráðherra og ríkisstjórn Noregs til veislu í Óperuhúsinu til heiðurs konungshjónum. Hægt verður að fylgjast með þessum atburðum í norska ríkissjónvarpinu í beinni útsendingu (<https://www.nrk.no>).

9. maí 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).